



FUNDARGERÐ

VINNUFUNDUR Í VATNASVÆÐISNEFND Á VATNASVÆÐI 2

Dags.fundar 25.04.12	9:30 – 12:15	Staður Akureyri, hús HNE	Nr. fundar 2
Fundarstjóri: Jóhanna Björk Weisshappel (JBW)		Fundarritari: Jóhanna	
Fundarmenn: María Markúsdóttir og Alfreð Schiöth, Heilbrigðiseftirliti Norðurlandi eystra, Ármann Viðar Sigurðsson, Fjallabyggð, Jónas Vígússon, Eyjafjarðasveit, Jóhanna Björk Weisshappel, UST.			
Afrít sent til: Vestasti hluti vatnasvæðisnefndar á svæði 2			
Markmið fundar: Vinna við álagsgreiningu á vatn.			

Atriði nr.	Lýsing	Ábyrgð	
1	<p>Opnun vinnufundar: Jóhanna Björk Weisshappel</p> <p>JBW fór stuttlega yfir um stjórn vatnamála til upprifjunar. Einnig fór hún yfir álagsgreininguna UST á vatn, í hverju hún fellst, áherslur og mikilvægi þess að UST fái aðgang að mælingum, upplýsingum og gögnum sem nýst geta. Fulltrúar munu senda Jóhönnu slík gögn.</p> <p>vinnufundur</p> <p>Farið var yfir álagsgreiningartöfluna yfir beina losun í viðtaka. Margar góðar ábendingar og nytsamar upplýsingar komu fram, leiðréttingar voru gerðar jafnóðum í töflunni.</p> <p>HNE: Aðal vandamálið varðandi skólp og mengun í Eyjafirði er nálægð matvælafyrirtækja og útivistarsvæða við fráveitustúta. Fiskvinnslur í grennd við opna skólpútrás gætu misst starfsleyfi.</p> <p>Jónas: Betra að setja upp hreinsistöð fyrst frekar en að lengja skólpögn bæjarins, því annars fá menn fitulag og útfellingar innan á lögnina.</p> <p>HNE: Betra að nota hráefnistölur/vinnslutölur en rennslistölur og mæld gildi því að mörg fyrirtæki nota mikið vatn og starfa auk þess hluta ársins.</p> <p>Almenn umræða: Á ferðamannastöðum er mikil aukning á pe. losun á sumrin (um 20 % aukning yfir 3 mánuði), einnig aukin notkun sundlauga og frístundahúsa. Mikilvægt að slíkir toppar séu teknir með í útreikninga á pe. Á Siglufirði er pakkað á öllum tjaldsvæðum, skólp tengt þaðan inn á bæjarfráveituna. Margir eiga sumarhús inni í bæ. Einnig mikil aukning á Akureyri, Húsavík, Mývatnssveit. Stærstu sumarhúsabyggðir.</p> <p>Ný lög við Dalvík breytti miklu, góð aðferð: Fjaran breyttist úr því að vera mikið skólpmengið í að vera hrein, plastlögn 400 m út. Þar er nú stundað sjósund og mikil útivist.</p>	JBW	
2	Næsti fundur: Í september ef þörf verður á.	JBW	